



2

MANNÚÐ Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem sárst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, kynþætti, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmalaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnála, kynþátta, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFSTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar. **SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.



2020

Alþjóðleg mannúðarhreyfing

3

Rauði kross Íslands var stofnaður 10. desember 1924 og viðurkenndi ríkisstjórn Íslands hann 9. mars 1925 sem eina Rauða kross félagið sem starfa má í landinu og eina aðilann sem nota má rauða krossinn sem merki sitt. **Deildir Rauða kross Íslands eru 51 og félagsmenn um 19.000, auk þúsunda styrktarfélaga Hjálparsjóðs. Sjálfboðaliðar félagsins eru um 1.300.** Félagið nýtur viðurkenningar Alþjóðaráðs Rauða krossins (International Committee of the Red Cross) og er aðili að Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Landsfélögin eru 183 með um 97 milljónir félagsmanna og sjálfboðaliða. **Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.**

Efnisyfirlit



Forsíðumyndina tók Porkell Þorkelsson á suðvesturströnd Sri Lanka, en hann fór þangað fyrir Rauða krossinn eftir flóðbylgjuna sem reið yfir löndin við Indlandshaf um jólin 2004. Myndin var valin mynd ársins 2005 af Bláa-ljósmyndarafélagi Íslands en hún er af tveimur munkum sem horfa til hafs.

Árið í hnotskurn	Inngangur formanns og framkvæmdastjóra	5
Forysta í sjálfboðnu starfi	Stjórn og nefndir 2005	6
Úr rekstrinum	Skipting tekna og útgjalda	7
Fólkinu hjálpað til að hjálpa sér sjálf	Sálfræðilegur stuðningur á Sri Lanka	9
Ýmsar fréttir úr starfinu	Almenningur lætur fé af hendi rakna	10
	Ferjuslysaæfing á Seyðisfirði	10
	Hjálparsími Rauða krossins 1717	10
	Nýliðun sjálfboðaliða	10
	Vinnustofa Rauða krossins á Sauðárkróki	10
	Stuðningshópur við aðstandendur geðfatlaðra	11
	Öflugri heimsóknarþjónusta	11
	Byggjum betra samfélag	11
	Vinadeildasamstarf á Norðurlandi	11
	Alþjóðastarf	12
		15
Sendifulltrúar Rauða kross Íslands	Jarðskjálftarnir í Pakistan	17
Nýjungar í skyndihjálpi	Ungmennahreyfingin 20 ára	19
Treysti Rauða krossinum fyrir börnunum	Flóttafólk á Íslandi	21
Starf URKÍ og uppbygging ungmennahúsa	Framtíð í nýju landi	21
Leiðarvísir inn í samfélagið	www.redcross.is/2005	22
	Hugsjónastarf í æsku	23
Ársskýrslan á Netinu		
Tombólukrakkar styðja við börn í Sri Lanka		



Árið í hnotskurn

Meginþungi starfs Rauða kross Íslands árið 2005 snéri að umfangsmiklu mannúðar- og hjálparstarfi bæði innanlands og utan. Tekist var á við mörg krefjandi verkefni.

Á alþjóðavettvangi einkenndist árið 2005 af mjög umfangsmiklu hjálparstarfi vegna gríðarlegra flóða og jarðskjálfta í Asíu. Rauða kross hreyfingin tók strax þátt í björgunaraðgerðum og síðar í uppbyggingarstarfi á þeim svæðum þar sem mest var hjálparþörf. Rauði kross Íslands lagði sitt af mörkum með fjárframlögum og sendifulltrúum en aldrei hafa fleiri sendifulltrúar farið til starfa á vegum félagsins. Þessar miklu hamfarir fengu mikla athygli en ekki má gleyma að víðar er þörf á að styðja þá sem höllum fæti standa. Rauði kross Íslands heldur úti öflugum starfi innanlands- og utan. Erlendis er viðureignin við alnæmisvandann og uppbygging Rauða kross félaga í sunnanverðri Afríku fyrirferðarmest.

Innanlands einkenndist árið af öflugum starfi og má sem dæmi nefna sívaxandi verkefni deilda félagsins á sviði heimsóknarþjónustu og öflugra þátttöku í ætlanagerð og æfingum í tengslum við neyðarvarnir. Á undanförunum árum hafa farið fram ítarlegar kannanir á stöðu og þörfum geðfatlaðra á vegum svæðasamtarfs Rauða kross deilda um allt land. Í kjölfar þessara athugana hefur ýmsum verkefnum verið hrundið af stað. Á liðnu ári hófust námskeið fyrir aðstandendur geðfatlaðra og í framhaldi af þeim hafa verið stofnaðir sjálfshjálparhópar víða um land.

Aðalfundur Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans ákvað eftir áralanga umræðu að mæla með því að bæta þriðja merkinu, Rauða kristalnum, við verndartákn hreyfingarinnar. Haldin var ríkjaráðstefna í Genf þar sem þriðja táknid var samþykkt og mun endanleg ákvörðun um Rauða kristalinn sem jafngilt tákn Rauða krossins og Rauða hálfmánans verða tekin á alþjóðaráðstefnu Rauða kross hreyfingarinnar í júní 2006.

Inngangur formanns og framkvæmdastjóra

Ný lög fyrir Rauða kross Íslands voru samþykkt á árinu. Eftir þær lagabreytingar eru lög félagsins nú að fullu í samræmi við þau fyrirmæli og stefnumál sem samþykkt hafa verið á vettvangi Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Starfsemi Rauða krossins á í sífellu að taka mið af aðstæðum, bregðast við áföllum og draga úr afleiðingum þeirra. Einnig ber Rauða krossinum að huga að fyrirbyggjandi verkefnum og sýna þeim einstaklingum umhyggju og stuðning sem hafa orðið útundan í hversdagslegum skilningi. Tilvist Rauða krossins á hverju byggðu bóli í flestum samfélögum heims gerir hreyfingunni kleift og skylt að sinna þessu hlutverki.

Almenningur og yfirvöld, sjálfboðaliðar, starfsfólk og stuðningsmenn til margra ára, sem lagt hafa Rauða krossi Íslands lið á árinu, verðskulda lof fyrir mikilvægt framlag til þess að byggja betra samfélag. Sjálfbúið starf og stuðningur almennings við Rauða kross Íslands eru forsundur fyrir áframhaldandi öflugum starfi félagsins.

Reykjavík í maí 2006


Úlfar Hauksson
formaður Rauða kross Íslands


Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands



Mynd: Þorkell Þorkelsson



Mynd: Þórir Guðmundsson



Forysta í sjálfboðnu starfi



Stjórn Rauða kross Íslands

Úlfar Hauksson formaður
 Anna Stefánsdóttir varaformaður
 Garðar H. Guðjónsson
 Hörður Högnason
 Karen Erla Erlingsdóttir
 Ólafur Ólafsson gjaldkeri
 Ómar H. Kristmundsson
 Pálín Dögg Helgadóttir ritari
 Þór Gíslason
 Þórdís Magnúsdóttir

Framkvæmdaráð

Úlfar Hauksson
 Anna Stefánsdóttir
 Pálín Helgadóttir
 Þór Gíslason (varamaður)

Fulltrúar í stjórn Íslandsspila

Anna Stefánsdóttir
 Jóhannes R. Jóhannsson
 Kristján Sturluson

Stjórn Sérverkefnasjóðs

Þór Gíslason formaður
 Karen Erla Erlingsdóttir
 Kristján Sturluson
 Sigríður Magnúsdóttir

Stjórn URKÍ

Ingibjörg Halldórsdóttir formaður
 Brynjar Már Brynjólfsson varaformaður
 Atli Örn Gunnarsson
 Gunnlaugur Bragi Björnsson
 Jens Ívar Albertsson
 Jón Þorsteinn Sigurðsson
 Nanna Halldóra Imsland Björnsdóttir

Skyndihjálparráð

Ármann Höskuldsson
 Erna Árnadóttir
 Guðbjörg Pálsdóttir
 Hjalti Már Björnsson
 Oddur Eiríksson
 Ólafur Ingi Grettisson
 Sólborg Olga Nilsen
 Sveinbjörn Berentsson

Skoðunarmenn

Ingunn Egilsdóttir
 Jón Kr. Sólness

Endurskoðunarskrifstofa

KPMG – Endurskoðun hf.

Formenn deilda Rauða kross Íslands 31. desember 2005

Austur-Húnavatnssýsludeild
 Akranesdeild
 Akureyrardeild
 Álftanesdeild
 Árnesingadeild
 Bolungarvíkurdeild
 Borgarfjarðardeild
 Breiðdalsdeild
 Búðardalsdeild
 Dalvíkurdeild
 Djúpavogsdeild
 Dýrafjarðardeild
 Eskifjarðardeild
 Fáskrúðsfjarðardeild
 Garðabæjardeild
 Grindavíkurdeild
 Grundarfjarðardeild
 Hafnarfjarðardeild
 Héraðs- og Borgarfjarðardeild
 Hornafjarðardeild
 Húsavíkurdeild
 Hvammstangadeild
 Hveragerðisdeild
 Ísafjarðardeild
 Kjósarsýsludeild

Þómundur Skúlason
 Lárus Guðjónsson
 Sigurður Ólafsson
 Sigrún Jóhannsdóttir
 Marianne Brandsson-Nielsen
 Sigríður Elín Hreinsdóttir
 Bjarni Þorsteinsson
 Unnur Björgvinsdóttir
 Óskar Ingi Ingason
 Ragna Gunnarsdóttir
 Ragnar Eiðsson
 Bergur Torfason
 Ásta Tryggvadóttir
 Eyrún M. Elísdóttir
 Ólafur R. Gunnarsson
 Guðfinna Bogadóttir
 Bryndís Theódórsdóttir
 Helgi Ívarsson
 Málfríður Björnsdóttir
 Ásgerður Gylfadóttir
 Elsa Skúladóttir
 Guðrún Matthíasdóttir
 Eyvindur Bjarnason
 Hörður Högnason
 Hafdís Rudólfssdóttir

Klaustursdeild
 Kópavogsdeild
 Norðfjarðardeild
 Ólafsfjarðardeild
 Rangárvallasýsludeild
 Raufarhafnardeild
 Reyðarfjarðardeild
 Reykjavíkurdeild
 Seyðisfjarðardeild
 Siglufjarðardeild
 Skagafjarðardeild
 Skagastrandardeild
 Snæfellsbæjardeild
 Strandasýsludeild
 Stykkishólmsdeild
 Stöðvarfjarðardeild
 Suðurnesjudeild
 Súðavíkurdeild
 Súgandafjarðardeild
 Vestur-Barðastrandarsýsludeild
 Vestmannaeyjudeild
 Víkurdeild
 Vopnafjarðardeild
 Þórshafnardeild
 Öndurfjarðardeild
 Öxarfjarðardeild

Elín Anna Valdimarsdóttir
 Garðar Guðjónsson
 Gunnar Ásg. Karlsson
 Sigrún Sigurðardóttir
 Einar Erlendsson
 Bryndís Kjartansdóttir
 Sigurður Ásgeirsson
 Stefán Yngvason
 Guðjón Már Jónsson
 Skarphéðinn Guðmundsson
 Karl Lúðvíksson
 Pétur Eggertsson
 Elfa Ármannsdóttir
 Victor Örn Victorsson
 Björn Benediktsson
 Þóra Björk Nikulásdóttir
 Rúnar Helgason
 Sigríður Hrönn Elíasdóttir
 Helga Guðný Kristjánsdóttir
 Guðni Jóhann Ólafsson
 Hermann Einarsson
 Sigurður Hjálmarsson
 Gísli Sigmarsson
 Ásta Laufey Þórarinsdóttir
 Sigríður Magnúsdóttir
 Jón Ármann Gíslason




Tekjur og útgjöld

Í uppgjöri Rauða kross Íslands fyrir árið 2005 er í fyrsta skipti myndaður samstæðu-reikningur með deildum félagsins en þannig fæst glögg mynd af allri starfsemi landsfélagsins. Áður voru einungis sýnd þau framlög sem deildir fengu í sinn hlut en nú kemur fram til hvaða verkefna framlögin runnu.

Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum hækkðu um rúm 5% á árinu eftir að hafa farið lækkandi frá árinu 2002.

Frjáls framlög hækkðu verulega frá fyrra ári og námu þau um 245 m.kr. á árinu 2005. Munar mestu um að á fyrri hluta ársins söfnuðust 125 m.kr. vegna hamfaranna við Indlandshaf. Á síðari hluta ársins söfnuðust 36 m.kr. vegna jarðskjálfta í Pakistan en auk þess lagði Rauði kross Íslands fram 20 m.kr. úr varasjóði sínum í það verkefni. Betur gekk að innheimta félagsgjöld á árinu 2005 en áður og námu tekjur deilda Rauða krossins af félagsgjöldum níu m.kr. á árinu 2005 en þær voru um sex m.kr. á árinu 2004.

Skipting útgjalda




Lykiltölur úr rekstrinum:

Útgjöld til alþjóðastarfs hækkðu verulega á árinu, einkum vegna hamfaranna við Indlandshaf og í Pakistan. Mun fleiri íslenskir sendifulltrúar fóru til tímabundinna hjálparstarfa á árinu 2005 en á síðustu árum.

Á árinu 2005 kom hópur flóttamanna til landsins og sá Rauði krossinn um móttöku hans samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið. Kostnaður vegna flóttamanna og hælisleitenda nam um 15 m.kr. á árinu en hann er hér að neðan inni í liðnum innanlandsstarf.

Innanlandsstarf




Rauði krossinn hætti þátttöku í rekstri Sjúkrahótelis í ársbyrjun 2005 og sér nú Landspítalinn um reksturinn.

Rauði kross Íslands á og rekur 77 sjúkrafreiðar um land allt. Kostnaður við rekstur þeirra var um 186 m.kr. á árinu 2005. Rauði krossinn lagði 53 m.kr. til rekstrarins á árinu en aðrar tekjur koma frá heilbrigðisráðuneytinu og notendum þjónustunnar.

Alls var ráðstafað um 1.116 m.kr. til verkefna á árinu 2005. Tekjur umfram gjöld námu um 39 m.kr. en það stafar m.a. af óvenjulega góðri ávöxtun fjármuna á árinu.

Alþjóðlegt hjálparstarf



Tekjur og framlög	2005	2004	2003	2002	2001
Tekjur af söfnunarkössum	529.164	502.412	517.309	569.460	559.333
Gjafir og framlög	245.235	153.479	102.715	99.143	73.987
Samningsbundin verk fyrir stjórnvöld	71.762	118.137	131.995	122.348	70.096
Sjúkraflutningar	93.546	85.797	82.751	68.273	50.733
Söluhagnaður fasteignar	-	306.874	-	-	-
Aðrar tekjur	215.831	108.641	147.369	80.329	75.749
Samtals	1.155.538	1.275.340	982.139	939.553	829.898

Framlög til nokkurra verkefna

Alþjóðahjálparstarf	324.988	233.018	176.656	177.438	153.984
Alþjóðasamstarf	44.568	39.264	41.724	35.717	46.781
Flóttamenn og hælisleitendur	-	12.457	32.018	26.479	30.403
Framlög til deilda	-	157.587	165.558	174.484	176.794
Innanlandsstarf	327.177	105.204	132.621	138.294	157.689
Sjúkraflutningar	185.511	187.017	173.144	177.161	143.289
Sjúkrahótel	591	66.642	75.678	75.400	-
Hjálparsíminn og Rauðakrosshúsið	19.093	17.131	34.700	31.486	28.552
Vin – Athvarf fyrir geðfatlaða	18.724	17.919	17.929	18.213	17.441
Önnur athvörf	28.354	-	-	-	-



8



Elin Jónasdóttir sendifulltrúi Rauða krossins í Trincomalee vann við að veita og kenna fólki sálrænan og félagslegan stuðning í kjölfar tsunami flóðbylgjunnar í Asíu.



Flóðbylgjan í Asíu

Sálfélagslegur stuðningur við fórnarlömb flóðbylgjunnar á Sri Lanka

Fólkinu hjálpað til að hjálpa sér sjálf

9

Pótt um ár sé liðið frá því að tsunami flóðbylgjan reið yfir Sri Lanka eru íbúar eyjunnar enn að takast á við afleiðingar náttúrhamfaranna. Neyðaraðstoð er að mestu lokið en uppbygging lands og þjóðar mun taka fjölmörg ár. Mikill meirihluti þeirra 500.000 manns sem misstu heimili sín dvelst enn í bráðabirgðabúðum og, þrátt fyrir að Alþjóðasamband Rauða krossins ásamt tugum annarra hjálparsamtaka vinni ötullega að byggingu mannvirkja, er ljóst að það mun taka langan tíma þar til allir fá þak yfir höfuðið.

Sálfélagslegur stuðningur felst í því að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálf

Strax í kjölfar flóðbylgjunnar settu Rauði kross Íslands og Rauða krossinn í Danmörku og Sri Lanka upp samvinnuverkefni sem hefur að markmiði að veita þeim sem lifðu hamfarirnar af stuðning til að komast yfir áfallið. Tveir íslenskir sendifulltrúar hafa starfað við verkefnið síðastliðið ár í Trincomalee héraði á austurströnd eyjunnar.

„Sálrænn og félagslegur stuðningur felst fyrst og fremst í því að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálf, nota eigin styrkleika og fá fólk til að vera virkt,“ segir Elin Jónasdóttir sálfræðingur, sem fór til Trincomalee í janúar 2005, og starfaði fram í júlí þegar Kolbrún Þórðardóttir, sendifulltrúi hélt utan og tók við verkefninu.

Verkefnið er fyrst og fremst fólgið í sálfélagslegum stuðningi við börn, unglínga, konur og aldraða. Lagður var grunnur að áframhaldandi starfi deildarinnar í Trincomalee á því sviði með því að þjálfva fjölda starfsmanna og sjálfbóðaliða. „Alls þjálfuðum við 50 sjálfbóðaliða á aldrinum 18–29 til að veita sálfélagslegan stuðning í 18 af þeim 50 búðum sem eru í héraðinu. Við völdum þá staði sem erfiðast var að komast á og þar sem ástandið var verst. Þannig vonumst við til að starf okkar komi að sem mestum notum,“ segir Elin. „Við kenndum einnig þúsundum kennara grunninn að því að veita sálrænan stuðning enda hafa kennararnir margir hverjir sjálfir upplifað afleiðingar flóðbylgjunnar og þurfa síðan að styðja nemendur sína sem eiga um sárt að binda. Hluti af verkefninu var líka í því fölginn að útvega fólkinu þá hluti sem höfðu tapast og eyðilagst í flóðbylgjunni. Við dreifðum meðal annars fötum til barna og aldraða, reiðhjólum til sjálfbóðaliða og eldhúshöldum til meira en þúsund fjölskyldna.“

Myndlist notuð til að styrkja þá hópa sem búa við mesta erfiðleika

Margrét Norðdahl myndlistarmaður fór sem sjálfbóðaliði til Sri Lanka til að taka þátt í sálfélagslegum stuðningi við fórnarlömb flóðbylgjunnar. Margrét setti upp nokkra myndlistahópa með konum, börnum og unglíngum á mismunandi aldri.

„Tilgangurinn með verkefninu var að styrkja þátttakendur og efla sjálfsímynd þeirra. Mikið var lagt upp úr því að þau horfðu til framtíðar og byggðu upp jákvæðar væntingar um það sem framtíðin væri. Yngri börnin voru látin teikna myndir af því sem þau vildu verða þegar þau yrðu stór. Að sjálfsögðu kom í ljós að allir áttu sér fallega drauma og vonir, strákarnir vildu verða lækur eða bílstjórar, en stelpurnar kennarar eða hjúkrunarkonur. Kvinnahóparnir fengu svipuð verkefni þar sem framtíðardraumarnir og draumaumhverfið voru meginviðfangsefnið. Margar af myndunum þeirra voru af draumahúsinu þeirra, garðinum sem þær langaði til að eignast.“

„Unglingahóparnir fengu í hendurnar einnota myndavélar í stað striga og lita. Myndefnin voru öll valin af krökkunum sjálfum og niðurstaðan var mjög skemmtilegar ljósmyndir. Þær voru gjörólíkar þeim átakanlegu og hræðilegu myndum sem fjölmiðlarnir dreifa. Þvert á móti voru þetta fallegar myndir af því sem unglíngunum þótti vænt um eða dáðust að í umhverfi sínu. Sumar þeirra voru af fótboltum, glæsilegum bílum, eða þá fallegu húsi og fjölskyldunni.“

Haldin var gríðarlega vel heppnuð sýning með því besta af þessum listaverkum, ekki aðeins í Trincomalee heldur einnig í höfuðstöðvum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Colombo.



En þeir sem misstu allt sitt í hamförnunum um jólin í fyrra eru ekki þeir einu sem eiga um sárt að binda í Trincomalee-héraði. Þúsundir manna hafa þjáðst af völdum áratugalangra átaka milli stjórnarhers og aðskilnaðarhreyfingu Tamíltígra (LTTE). Margir hafa misst allt sitt vegna átakanna og jafnvel verið á vengangi árum saman. Rauði krossinn hefur því fjölgað skjólstaðingum sínum og veitir einnig aðstoð til samfélagshópa sem hafa ekki orðið beint fyrir tjóni af völdum flóðbylgjunnar.



Almenningur lætur fé af hendi rakna

Rauði krossinn stóð fyrir tveimur söfnunum á árinu 2005. Sú fyrri haldin vegna flóðanna í Asíu undir formerkjum Neyðarhjálpar úr norðri en þar var Rauði kross Íslands í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar, Barnaheill, SOS barnahósti og UNICEF. Samtals söfnuðust um 120 milljónir króna í þeirri söfnun og hlutur Rauða kross Íslands var tæplega 50 milljónir króna. Heildarsöfnun Rauða krossins vegna flóðanna í Asíu nam því um 150 milljónum króna. Seinni söfnunin var vegna jarðskjálftanna í Pakistan og söfnuðust um 55 milljónir króna (þ.m.t. framlag úr neyðarsjóði Rauða kross Íslands). Þess má geta að mikið er um að almenningur notfæri sér þau þægindi að hringja í söfnunarsíma Rauða krossins, 907 2020 en þá dragast 1000 krónur af næsta símreikningi.



10



Slösuðum veitt aðhlyning á fjöldahjálparstöð Rauða kross Íslands á Seyðisfirði þar sem fram fór ferjuslysæfing.

Rauði krossinn á Seyðisfirði tekur þátt í ferjuslysæfingu

Á annað hundrað manns tóku þátt í umfangsmikilli ferjuslysæfingu sem haldin var í nóvember á Seyðisfirði. Þar á meðal voru 22 sjálfbóðaliðar og starfsmenn Rauða kross Íslands.

Sjúkrahús og allar björgunarsveitir á Austurlandi tóku þátt og Landhelgisgæslan sá fyrir skipi sem bundið var við bryggju í höfninni á Seyðisfirði. Reynt var að líkja eftir aðstæðum úti á rúmsjó í brennandi skipi með 1400 farþega innanborðs. Reykur var í skipinu og fólkið tekið út sjóleiðis þó að skipið væri í höfn.

Rauði krossinn hafði það hlutverk að reka fjöldahjálparstöð þar sem slösuðum var veitt aðhlyning. Örnað var söfnunarsvæði aðstandenda og þar léku sjálfbóðaliðar ættingja fórnarlambanna. Einnig voru æfð viðbrögð Hjálparsímans 1717 vegna slyssins og fyrirspurna frá ættingjum.

Hjálparsími Rauða krossins 1717 – greiður aðgangur að hjálp

Sjálfbóðaliði Reykjavíkureildar Rauða krossins svarar í símann. Samtalið er frá konu sem er að skilja og hefur ákveðið að hringja í 1717 til að létta á huga sínum. Hún er nýbúin að taka þessa erfiðu ákvörðun og er mikið niðri fyrir. Sjálfbóðaliðinn hlustar þolinmóður á sögu konunnar, sem liggur undir miklu ámæli frá ættingjum vegna ákvörðunar sinnar. Hann reynir að hugga hana og ráðleggur henni að leita sér einstaklingsaðstoðar til að komast í gegnum þetta.

Þetta er aðeins eitt dæmi af nærri 16.000 símtölum sem Hjálparsímanum bárust árið 2005. Níutíu sjálfbóðaliðar, auk starfsmanna skiptast á að svara símtölum og þetta er því stærsta einstaka verkefni deildarinnar en um er að ræða landsverkefni. Símtölin koma frá fólki á öllum aldri en flestir eru unglingar og miðaldra fólk. Algengast er að fólk hringi vegna sálrænna vandamála á borð við þunglyndi, kvíða eða aðrar geðraskanir. Unglingar hringja oft til að fá upplýsingar um getnaðarvarnir og önnur kynferðismál.

Hjálparsíminn fékk um 300 símtöl sem sneru að sjálfsvígum árið 2005 og sérstök áhersla hefur verið lögð á að sinna alvarlegum símtölum af því tagi. Oft er um að ræða fólk sem misst hefur einhvern nákominn og þarf á stuðningi og aðstoð að halda en einnig er algengt að fólk hringi vegna ættingja eða vina sem það veit að þarf á hjálp að halda. Þá veita sjálfbóðaliðar upplýsingar um hvert eigi að snúa sér. Stundum er nóg að sjálfbóðaliðar hlusti því oft er gríðarlega mikilvægt fyrir fólk að geta talað við einhvern sem ekki dæmir það heldur er reiðubúinn til þess eins að hlusta.

Fjöldi símtala sem berst Hjálparsímanum sýnir að gríðarleg þörf er fyrir þessa þjónustu í samfélaginu og það er ómetanlegt starf sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins hafa unnið til að tryggja það að þeir sem staddir eru í vanda hafi greiðan aðgang að hjálp af þessu tagi.

Nýliðun sjálfbóðaliða

Sjálfbóðið starf Rauða krossins hefur aukist á síðustu árum og bættust 191 nýr sjálfbóðaliði í hópinn árið 2005. Álíka margir sjálfbóðaliðar gengu til liðs við félagið á árinu 2005 og árið 2004 eða alls 191. Heildarfjöldi sjálfbóðaliða sem gert hafa samning um sjálfbóðið starf á vegum félagsins er 1.205 manns.

Fjölmennustu sjálfbóðaliðahóparnir:

Stjórnið og nefndir	406	33%
Neyðarvarnir	235	20%
Heimsóknarþjónusta	164	14%
Sölubúðir spítala	153	13%
Stuðningur við geðfatlaða	89	7%
Hjálparsíminn	83	7%
Skyndihjálp	75	6%

Aldurskipting sjálfbóðaliða:

-25 ára	173	15%
26-36 ára	162	14%
36-45 ára	194	16%
46-55 ára	186	15%
56-65 ára	171	14%
66 og eldri	319	26%

Vinnustofa Rauða krossins í Sauðárkróki

„Vinnustofan okkar“, eins og sumir kalla hana, er starfrækt í húsnæði Rauða krossins á Sauðárkróki og er opin einu sinni í viku. Vinnustofan er fyrst og fremst hugsuð fyrir fólk með skerta starfsgetu á aldrinum 18 til 67 ára en einnig fyrir heimavinnandi mæður og feður og börn þeirra. Viðfangsefni eru af ýmsum toga og munu mótast og þróast eftir hugmyndum fólksins sem þar kemur saman í krafti mannaðar.

„Vinnustofan er fyrst og fremst hugsuð fyrir þá sem eru einir og hafa ekki mikið að gera en hún er raunar opin hverjum þeim sem koma vill til að hafa eitthvað fyrir stafni eða spjalla,“ segir Edda Bengtsdóttir sjálfbóðaliði Rauða kross deildarinnar í Skagafirði.

Margir sem koma á vinnustofuna eru að smíða ýmsa hluti úr tré eða steypa úr gífsi. Aðrir mála, teikna eða koma bara til að njóta samvista við fólk. Talsvert af eldra fólki og aðrir sem eru einir eða hafa ekki mikið að gera koma til að búa til ýmislegt. Mest eru það gjafir sem gefnar eru ættingjum og vinum.



Rauði kross Íslands hóf átakið „Byggjum betra samfélag“ hinn 20. ágúst á Menningarnótt í Reykjavík. Megintilgangur átaksins er að rjúfa einangrun fólks og vinna gegn mismunni í samfélaginu.

Innanlandsstarf



Mynd: Þórir Guðmundsson

Stuðningshópar við aðstandendur geðfatlaðra

Í kjölfar námskeiðs sem haldið var fyrir aðstandendur og áhugafólk um geðraskanir í Borgarnesi í september voru stofnaðir tveir stuðningshópar fyrir aðstandendur geðfatlaðra, einn í Borgarnesi og annar á Akranesi. Rauði krossinn hefur unnið mikið starf í kringum stofnun slíkra hópa víða um land, og að því starfi hafa komið bæði sjálfbóðaliðar og starfsmenn deilda.

„Hlutverk Rauða krossins var að koma þessu af stað og skapa umræðuvettvang fyrir aðstandendur þar sem þeir geta rætt erfiðleika sína í hópi fólks sem býr við svipaðar aðstæður,“ segir Gerða Bjarnadóttir, starfsmaður Rauða kross deildarinnar á Akranesi. Gerða var áður sjálfbóðaliði Héraðs- og Borgarfjarðardeildar á Austurlandi og vann þar að stofnun samskonar hóps.

Hér um bil 10 manns voru í aðstandendahópnum á Akranesi þegar hann var stofnaður í október. Hlutverk deildarinnar felst fyrst og fremst í því að styðja við bakið á þátttakendum, sérstaklega í byrjun með því að auglýsa eftir fólki og koma á fundum. Markmiðið er að hópurnir geti síðan starfað sjálfstætt á eigin forsendum. Aðstandendur hittast einu sinni í viku og veita hver öðrum mikilvægan stuðning og ráðgjöf til að auðvelda þeim að takast á við vanda sinn.



Mynd eftir Jóhannes Ólafsson sem er látinn. Myndin prýðir vegg í Vin, athvarfi fyrir geðfatlaða en þar var Jóhannes tíður gestur.



Sjálfbóðaliðar á námskeiði um heimsóknarþjónustu.

Öflugri heimsóknarþjónusta

Heimsóknarþjónusta Rauða krossins eflist mikið á árinu 2005. Alls tóku 18 deildir þátt í þessu verkefni á síðasta ári og áætlað er að sjá fjöldi nær tvöfaldist á árinu 2006. Um 150 sjálfbóðaliðar tóku virkan þátt í heimsóknum til meira en 200 gestgjafa. Langflestir sjálfbóðaliðar í heimsóknarþjónustu eru konur eða um 87% en ljóst er að þörfin fyrir að hafa sjálfbóðaliða af hinu kyninu er jafnmikil. Fólk var heimsótt á heimilum, sambýlum, dvalar- og hjúkrunarheimilum og að auki var farið í fangaheimsóknir.

„Þeirri nýjung hefur verið komið á að sjálfbóðaliði og gestgjafi hans fara saman í ökuferð. Þá sækir heimsóknarvinur gestgjafa og þeir fara út að keyra eða setjast og spjalla á kaffihúsi. Þetta fyrirkomulag hentar karlmönnum oft betur því að þeir eiga stundum erfiðara með að taka við gestum heima,“ segir Linda Ósk Sigurðardóttir verkefnisstjóri hjá Rauða krossi Íslands.

„Í desember var jafnframt haldið fyrsta málþing hópstjóra í heimsóknarþjónustu og til stendur að hópstjórar komi saman á hverju ári í framtíðinni til að enn megi styrkja þetta starf,“ segir Linda.

Heimsóknarþjónustan er eitt af áhersluverkefnum Rauða kross Íslands. Deildir eiga náið samstarf við félagsþjónustu, presta og aðra sem starfa með fólki sem býr við þrengingar og oft koma ábendingar frá vinum, ættingjum og nágroñnum um að einhver gæti þurft á þessari þjónustu að halda. Heimsóknarvinir Rauða krossins sinna ekki aðeins öldruðum og sjúkum heldur einnig þeim sem eru einmana, félagslega einangraðir eða vantar félagskap.

Byggjum betra samfélag

Í málsvarastarfi félagsins var lagður grunnur að áframhaldandi starfi í tengslum við mannréttindi og virðingu einstaklinga með því að skerpa á áherslum félagsins undir heitinu „Byggjum betra samfélag“.

Megintilgangur átaksins er að sameina málsvarastarf félagsins undir slagorðinu. Átakið hófst formlega 20. ágúst á Menningarnótt í Reykjavík með fjölmenningarlegri skrudgöngu niður Hverfisgötu og tónleikum Rásar 2 á miðbakka um kvöldið sem tileinkaðir voru átakinu. Þar náði boðskapurinn um betra samfélag án mismununar til tugþúsunda manna.

Fyrir upphaf átaksins var gerð könnun á viðhorfum Íslendinga til innflytjenda og niðurstöður hennar kynntar fjölmiðlum. Einnig var unninn svonefndur „Vegvísir að aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi“ með það að markmiði að leita að leiðum til að auðvelda gagnkvæma aðlögun. Niðurstöður þeirrar skýrslu verða kynntar deildum og hagsmunaaðilum í byrjun árs 2006.

Sérstaklega er fjallað um átakið í fræðslu deilda Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu fyrir nemendur í 8. bekk grunnskóla.

11

Vinadeildasamstarf á Norðurlandi

Deildir Rauða kross Íslands á Norðurlandi hófu vinadeildasamstarf við Mapútódeild Rauða krossins í Mósambík í mars 2005. Tveir sjálfbóðaliðar fóru í vettvangsferð til að komast að því hvernig samstarfinu yrði best háttað og gerðu samskonar greiningu á deildinni í Mapútó og áður hafði verið gerð til að meta styrk og veikleika deilda á Norðurlandi. Einnig var haldinn sérstakur fundur með sjálfbóðaliðum Mapútódeildar til að fá af því skýra mynd hverskonar verkefni væru best til þess fallin að styrkja sjálfbóðastarf deildarinnar. Þegar heim var komið ákváðu deildir á Norðurlandi að styðja sjálfbóðastarf í Mapútóhéraði og sérstök barnaheimili þar sem börnum eru kenndar iðngreinar er seinna verða að lífsviðurværi þeirra. Í tengslum við vinadeildasamstarfið settu deildirnar á Norðurlandi sér jafnframt það markmið að fjölga sjálfbóðaliðum hjá sjálfum sér.

Nær allar deildir Rauða krossins eru í samstarfi við Rauða kross deildir erlendis. Samstarf er nú aðallega við deildir í Afríku, þ.e. í Gambíu, Mósambík og Suður-Afríku, en auk þess við tvær deildir í Serbíu og Svartfjallalandi.

Sendifulltrúum Rauða krossins fjölgar

Neyðaraðstoð, uppbyggingarstarf og þróunarsamvinna

Störf sendifulltrúa Rauða kross Íslands á árinu 2005 sneru fyrst og fremst að neyðaraðstoð í kjölfar gríðarlegra flóða og jarðskjálfta í Asíu. Alls sendi Rauði kross Íslands 17 sendifulltrúa til starfa í Indónesíu og á Sri Lanka í kjölfar flóðbylgjunnar en hún reið yfir 26. desember 2004. Fimm sendifulltrúar Rauða kross Íslands fóru svo til starfa í Norður-Pakistan á síðustu mánuðum ársins 2005 eftir að öflugur jarðskjálfti olli þar miklu eignatjóni og varð tugum þúsunda manna að bana.

Aðrir sendifulltrúar félagsins störfuðu við uppbyggingarstarf og þróunarsamvinnu við önnur landsfélög, flestir í Afríku en nokkrir störfuðu í Mið-Austurlöndum, Evrópu, Mið-Ameríku og í höfuðstöðvum Alþjóða Rauða krossins.

Bæði sendifulltrúum og þeim verkefnum sem þeir sinna hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Alls voru 33 sendifulltrúar að störfum við 40 verkefni á árinu 2005. Sendifulltrúar sem voru að störfum á árinu voru jafnt konur sem karlar. Þriðjungur þeirra var í sinni fyrstu starfsferð. Tæplega helmingur verkefna var á sviði heilbrigðismála en einnig störfuðu sendifulltrúar mikið að flutningi og dreifingu hjálpargagna. Önnur verkefni voru á sviði upplýsinga og kynningarmála, stjórnunar, fjármálaráðgjafar, fjármálastjórnar og verndar almennings á áttaksvæðum.



Michael Schulz stjórn mála- og sagnfræðingur gegndi stöðu formanns sendinefndar Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Palestínu. Á síðari hluta ársins starfaði hann í nefnd Alþjóðasambandsins sem hefur áheyrnarstöðu hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Valgerður Grímsdóttir svæfingarhjúkrunarfræðingur starfaði með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) á norsku tjaldsjúkrahúsi í Moussafarabad í Pakistan.



Jón Hafsteinsson slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður starfaði sem sjúkraflutningamaður í þyrluteymi Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) í Pakistan.



María Skarphéindsdóttir læknir starfaði á svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) fyrir Suður-Asíu í Nýju Delli á Indlandi. Hún hafði yfirumsjón með þróun verkefna Alþjóðasambandsins við uppbyggingu í heilbrigðisgeiranum í löndum Suður-Asíu.



Frank Sands rekstrarfræðingur starfaði við skýrslugerð fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) á Haítí.

NORÐUR AMERÍKA

New York



Haítí



Rafn Jónsson flugstjóri stjórnaði hjálparflugi í Súdan á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC).

Rúnar Jón Friðgeirsson byggingatæknifræðingur starfaði við vatnsveituverkefni í Darfur í Súdan á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC).



Kristjón Þorkelsson púlpunagameistari starfaði fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í Harar í Eþíópíu við stjórnun á uppsetningu vatnsveitu- og frárennsliskerfa.

Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði í norðurhluta Úganda við heilsugæslu í flóttamannabúðum á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC).



Huld Ingimarsdóttir var fjármálastjóri á svæðisskrifstofu Alþjóðasambandsins fyrir sunnanverða Afríku sem staðsett er í Harare í Zimbabve.

Hrafnhildur Sverrisdóttir MA í alþjóðasamskiptum starfaði við leitarþjónustu með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) á Fílabeinsströndinni.



13



Árni Gunnarsson viðskiptafræðingur var ráðgjafi við uppbyggingu pólska Rauða krossins á vegum Rauða kross Íslands.



Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur starfaði í upphafi árs á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Aceh-héraði í Indónesíu við undirbúning sálfelagslegrar aðstoðar. Síðar starfaði hún við verkefni í sálfelagslegri þjónustu við börn og unglínga í Palestínu.

Pálína Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur stjórnaði hjúkrunarstarfi Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) og samvinnu við framkvæmdastjórn fjögurra opinberra sjúkrahúsa í Kabúl í Afganistan.



Óskar Þorvaldsson byggingatækni-fræðingur starfaði á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) að vatnsveituverkefni á eyrni Nias í Indónesíu.



Karl Sæberg Júlísson afbrotafræðingur starfaði sem öryggisfulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Níger og nágrennalöndunum Burkina Faso, Míritaníu og Malí. Síðar starfaði hann við öryggismál í Pakistan.



Þorkell Diego Þorkelsson verslunarmaður gerði úttekt fyrir Rauða Kross Íslands á dreifingu hjálpargagna frá íslenskum stjórnvöldum til flóttafólks í Króatíu.



Birna Halldórsdóttir BA í mannfræði starfaði í Aceh-héraði á Súmötru í Indónesíu þar sem hún stýrði dreifingu hjálpargagna á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC).



Baldur Steinn Helgason BA í mannfræði starfaði með Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) við birgðastjórnun í Aceh-héraði í Indónesíu og í Níger.



Hildur Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins í Aceh í Indónesíu. Einnig stýrði hún sjúkrahúsi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Abbottabad í Pakistan um tveggja mánaða skeið.



Hjördís Guðbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði við heilsugæsluverkefni í Aceh-héraði á Súmötru í Indónesíu með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC).



Ómar Valdimarsson blaðamaður starfaði á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) að uppbyggingu innra starfs landsfélags Indónesíu.



Hólmfríður Garðarsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir starfaði sem ljósmóðir með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) á norsku tjaldsjúkrahúsi í Aceh á Súmötru.



Robin Bovey líffræðingur stjórnaði dreifingu hjálpargagna á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Aceh í Indónesíu.



Sigríður Björk Þormar hjúkrunar- og heilsu-sálfraeðingur starfaði með danska Rauða krossinum að þjálfun sjálfboðaliða og heilbrigðisstarfsfólks í áfallahjálpi á Súmötru í Indónesíu.



Þorkell Þorkelsson ljósmyndari fór til Indónesíu og Srí Lanka fyrir Rauða kross Íslands og Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC).



Sigurður Ingi Pálsson kerfisfræðingur hafði umsjón með tölvu- og fjarskiptamálum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Aceh í Indónesíu. Hann fór einnig ásamt starfsteymi til Suður-Súdans til að meta aðstæður og skipuleggja verkefni Alþjóðasambandsins á svæðinu.



Kolbrún Þórardóttir hjúkrunarfræðingur og kennari stjórnaði verkefni um sálfelagslega þjónustu á Srí Lanka. Verkefnið var unnið í samvinnu við danska Rauða krossinn.



Elín Jónasdóttir sálfraeðingur stjórnaði verkefni um sálfelagslega þjónustu á austurhluta Srí Lanka. Verkefnið er unnið í samvinnu við danska Rauða krossinn.



Marianna Csillag hjúkrunarfræðingur starfaði að heilsugæslu á Srí Lanka með teymi norska Rauða krossins.



Hlér Guðjónsson MA í heimspeki starfaði við samhæfingu hjálparaðgerða og skýrslugerð í Colombo á Srí Lanka á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC).



Hlín Baldvinsdóttir rekstrarfræðingur starfaði við samstarfsverkefni Rauða kross Íslands og mósambíska Rauða krossins á sviði heilsugæslu, uppbyggingar deilda, aðstoð við götubörn ofl.

Sólveig Ólafsdóttir MA í alþjóðastjórn mállum og blaðamennsku starfaði á Srí Lanka með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) við upplýsingaöflun og upplýsingaveitu. Sólveig fór frá Srí Lanka í starfsferð til Pakistans og starfaði þar sem upplýsingafulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC).





14



Skyndihjálparveggspjaldið „Getur þú hjálpað... þegar á reynir“ leit dagsins ljós á árinu 2005 og var meðal annars gefið öllum skólum á landinu.



Nýjungar í skyndihjálp

Rauði kross Íslands hefur ætíð lagt ríka áherslu á að fylgjast með nýjungum í skyndihjálpi. Félagið vinnur mikið þróunarstarf á þessu sviði og leitast við að laga skyndihjálparnámskeiðin að nýjustu rannsóknum og aðferðum hverju sinni. Þetta starf bar góðan ávöxt árið 2005 og meðal annars voru þróuð sérhæfð námskeið sem henta ákveðnum hópum. Áherslan á sálrænan stuðning hefur einnig aukist til muna.

Fjögurra klukkutíma námskeið fyrir fyrirtæki

Á árum áður voru flest skyndihjálparnámskeið í lengri kantinum og reyndist það fremur óhagstætt fyrir fyrirtæki. Svo koma megi til móts við þarfir þeirra og ýmissa annarra aðila hefur Rauði kross Íslands nú sett upp skemmri og sérhæfðari námskeið sem ekki taka nema fjórar klukkustundir. Með þessu móti má koma til móts við þarfir einstakra hópa og auka útbreiðslu skyndihjálpar.

„Á fyrirtækjanámskeiðunum er minni áhersla á bóklega þáttinn en meiri áhersla lögð á einfaldar útskýringar og hagnýti þess sem er kennt. Eitt af því sem við notum mjög mikið eru stuttar tilfellasögur af ýmsum mismunandi atvikum sem upp geta komið og koma að miklu gagni við útskýringar á nauðsynlegum viðbrögðum,“ segir Tryggvi Már Gunnarsson, kennari og leiðbeinandi í skyndihjálpi hjá Rauða krossi Íslands.



Átta klukkutíma námskeið fyrir skóla

Rauði kross Íslands hefur hannað skyndihjálparnámskeið sem er sérstaklega ætlað starfsmönnum skóla og tekur átta klukkustundir. Námskeiðið tekur mið af þeim vandamálum sem upp kunna að koma í skólum. Með námskeiðinu er verið að styrkja ákveðna verkferla innan skólans og tryggja það að starfsfólk kunni að bregðast við slysum og áföllum. Kennend eru viðbrögð við bráðasjúkdómum og ofnæmi en mikil áhersla er lögð á hjartahnoð, blástur og aðrar verklegar æfingar. Sálrænn stuðningur er einnig mjög mikilvægur hluti af námskeiðinu. Miðað er við að allt starfsfólk skólans taki þátt á þessum námskeiðum.

Færri hiki við að reyna endurlífgun

Samkvæmt skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið meðal Íslendinga, hafa um 80% þjóðarinnar farið á skyndihjálparnámskeið. Það vekur hins vegar athygli að þeir sem nærri eru þegar hjartastopp á sér stað gera ekki tilraunir til endurlífgunar nema í 50% tilvika.

„Þetta þykir okkur benda til þess að verklegi þátturinn í skyndihjálparættunni sé mjög mikilvægur og með því að undirbúa fólk betur vonumst við til að fleiri hefji endurlífgun,“ segir Ólafur Ingi Grettisson, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður sem er einnig leiðbeinandi í skyndihjálpi hjá Rauða krossi Íslands.

„Vísindalegar rannsóknir sýna að því fyrr sem gerð er tilraun til endurlífgunar á sjúklingi með hjartastopp, þeim mun meiri eru batalíkur hans. Endurlífgunartilraunir draga úr líkum á alvarlegum heilaskaða og stuðla því ekki einungis að því að bjarga mannlífum, heldur einnig að auknum batalíkum.“

Skyndihjálparhópur á Ísafirði

Skyndihjálpi er mikilvægur hluti af starfi flestra Rauða kross deilda og nefna má að á vegum Ísafjarðardeilda er starfræktur sérstakur skyndihjálparhópur. Hópurinn skipa fjórir ungar menn sem fengið hafa mjög góða þjálfun í skyndihjálpi. Piltarnir hafa staðið fyrir skyndihjálparviðburðum í Gamla apótekinu og þangað hefur almenningur getað komið til að kynna sér endurlífgun með hjartahnoði og blæstri. Eitt af markmiðum hópsins er að fylgjast með á fjöldsamkomum og ýmsum öðrum viðburðum á svæðinu og veita skyndihjálpi ef þess gerist þörf.

Samstarf við Olíufélagið ehf.

Olíufélagið ehf. (Esso) og Rauði kross Íslands gerðu vorið 2005 samstarfssamning með það að markmiði að útbreiða skyndihjálparþekkingu meðal landsmanna. Um er að ræða stærsta einstaka samninginn sem íslenskt fyrirtæki hefur gert við Rauða krossinn til þessa. Samningurinn kveður á um fasta árlega greiðslu til Rauða krossins í þrjú ár auk veltutengds styrks, en félagsskirteini Rauða krossins er nú tengt Safnkorti Esso og rennur viðbótarupphæð vegna eldsneytisviðskipta félagsmanna til Rauða krossins og til mannúðarstarfa á Íslandi. Með þessum samningi varð Esso einn af aðalstyrktaraðilum Rauða kross Íslands.



16





Lítill stúlka með bangsann sinn á sjúkrahúsinu í Abbottabad.

Jarðskjálftinn í Pakistan

Jarðskjálftarnir í Pakistan:

17

Treysti Rauða krossinum fyrir börnunum

Uppsetning og rekstur neyðarsjúkrahúsa og heilsugæslustöðva var eitt af brýnustu verkefnum Rauða krossins eftir að öflugur jarðskjálfti reið yfir í Pakistan 8. október 2005. 73 þúsund manns fórust í þessum hræðilegu hamförum. Í kjölfarið nutu hér um bil 740.000 manns neyðaraðstoðar pakistanska Rauða hálfmánans og Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans, þar á meðal heilbrigðisaðstoðar. Rauði kross Íslands sendi Hildi Magnúsdóttur farandhjúkrunarfræðing til Abbottabad í Pakistan í lok október 2005. Þar var hún í þrjá mánuði og stjórnaði neyðarsjúkrahúsi í útjaðri jarðskjálftasvæðanna.

„Við settum neyðarspítalann, sem er úr tjaldi, upp í garði háskólasjúkrahússins í Abbottabad, því að sjúklingar og starfsfólk þorðu ekki að fara aftur inn í sjúkrahúsbygginguna sem skemmdist talsvert í jarðskjálftanum. Háskólasjúkrahúsið gat auk þess með engu móti annað öllum sjúklingunum. Spítalinn okkar kom því að mjög miklum notum og hundruð nýrra sjúklinga leituðu til okkar eftir að við komum. Abbottabad er í útjaðri skjálftasvæðisins, þannig að flestir sjúklingarnir okkar voru fluttir til okkar með bíl eða þyrlu,“ segir Hildur.

Þörfin fyrir læknaaðstoð mest fyrstu vikurnar

„Sjúkrahúsið okkar komst í notkun 26. október, rúmum tveimur vikum eftir skjálftann. Það er alltaf vandamál þegar ekki er hægt að koma neyðarsjúkrahúsum á staðinn fyrr en talsvert löngu eftir að óvæntar hamfarir eiga sér stað, sérstaklega þegar þarf að senda þau frá fjarlægum löndum. Fyrstu vik-

urnar var þörfin mest og þá vorum við að jafnaði með 100–110 sjúklinga á sjúkrahúsinu. Í desember var háskólasjúkrahúsið í Abbottabad komið í fullan gang og þá fórum við að undirbúa lokun neyðarspítalans. Þann 18. febrúar var svo síðasti sjúklingurinn á tjaldsjúkrahúsinu útskrifaður,“ segir Hildur.

„Mér er óhætt að segja að starf okkar hafi komið að mjög miklu gagni. Neyðarsjúkrahúsið veitti þjónustu sem pakistanska heilbrigðiskerfið hefði ekki ráðið við.“

Sérstök áhersla lögð á sálfélagslega þáttinn

„Við lögðum líka áherslu á sálfélagslega þáttinn og því tóku bæði sjúklingar og aðstandendur þeirra mjög vel. Það voru syngjandi börn á þessu sjúkrahúsi sem sýnir að spítalar þurfa ekki að vera einhverjir hörmungarstaðir. Það var heilt tjald bara fyrir börn og ættingjum slasaðra var mikið sinnt enda höfðu margir orðið fyrir andlegu áfalli. Þó að mikilvægt sé að hlúa að beinbrotum og græða sár þá þarf líka að græða sálina og styrkja félagslega net þeirra sem eftir lifa þegar svona atburðir eiga sér stað,“ segir Hildur.

„Sum slösuðu barnanna höfðu systkini sín hjá sér. Til dæmis var ein tólf ára stúlka lengi hjá okkur til að sjá um sjö ára bróður sinn. Pabbi þeirra sást lítið, en þegar hann kom til að sækja þau hrósaði ég honum fyrir það hvað hann ætti góð börn og spurði hann hvers vegna hann hefði ekki verið hjá þeim á spítalanum.“ „Ég sá að ég gat treyst ykkur fyrir börnunum,“ svaraði hann. Þessi maður var frá Balakot og hafði misst eiginkonu sína og tvö börn. Meðan drengurinn hans lá slasaður á spítalanum var hann byrjaður að byggja aftur upp húsið, sem hafði hrunið í jarðskjálftanum. Það hefði hann ekki getað nema vegna þess að við lögðum áherslu á andlegan stuðning og öryggi á spítalanum, þannig að hann gat áhyggjulaus skilið börnin eftir hjá okkur.“

Rauði kross Íslands lagði mikla áherslu á aðstoð við fórnarlömb jarðskjálftanna og sendi alls átta sendifulltrúa til starfa í Pakistan til dæmis við sjúkralutninga, hjúkrun, öryggismál, þyrluflug og upplýsingagjöf.



Hjúkrunarfræðingar frá Rauða krossi Íslands í garði háskólasjúkrahússins í Abbottabad.



Starfsfólk spítalans í Abbottabad og ættingjar slasaðra í blaki og krikket.







Gestir í ungmennahúsinu „Gamla apótekið“ á Ísafirði.

Ungmennahreyfing Rauða krossins

Ingibjörg Halldórsdóttir nýr formaður URKÍ

Starf URKÍ og uppbygging ungmennahúsa

19

Rauða kross starf í ungmennahúsum Forvarnastarf í þágu barna og unglinga er meðal áhersluverkefna Rauða kross Íslands og meðal verkefna félagsins á því sviði er stuðningur við vímuefnalaus tólmstundahús fyrir ungmenni á aldrinum 16–25 ára. Rauði krossinn hefur tekið þátt í að stofna slík hús á Ísafirði, Akranesi, Sauðárkróki, Húsavík, Hveragerði, Vík og Egilsstöðum.

„Stofnun ungmennahúsa byrjaði á Ísafirði með því að deildir Rauða krossins á Vestfjörðum tóku sig saman og breyttu Gamla apótekinu á Ísafirði í afþreyingarmiðstöð fyrir ungmenni. Þetta var gert í samstarfi við önnur félagasamtök og þar sem vel tókst til var ákveðið að setja á fót fleiri hús. Í kjölfarið tóku deildir á Vesturlandi sig saman um stofnun Hvíta hússins á Akranesi en það er nú rekið af Akranesbæ,“ segir Ingibjörg Halldórsdóttir sem tók við stöðu formanns Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands (URKÍ) í maí árið 2005. Hún hefur verið virk í starfi Akranesdeildar um árabíl.

„Það er mjög fjölbreytt starf í ungmennahúsunum og boðið er upp á ýmiss konar námskeið og aðstöðu. Í sumum húsunum er aðstoða fyrir hljómsveitir og búnaður til stuttmyndagerðar. Haldnar eru keppnir og leikir ýmis skonar og sums staðar hafa sendi-fulltrúar Rauða kross Íslands komið og haldið fyrirlestur. Þetta eru bara örfá dæmi um það sem gert er í ungmennahúsunum,“ segir Ingibjörg.

Jafnan er stefnt að því að sveitarfélög taki við rekstri húsa eftir tvö til þrjú ár en reynt hefur verið að tengja þau áfram starfi Rauða krossins eins og hægt er. Í Gamla apótekinu á Ísafirði var stofnaður skyndihjálparhópur ungmenna árið 2005 og starf hans hefur tekist mjög vel. Öflugt starf var einnig í Vegahúsinu á Egilsstöðum á árinu en þar er verið að setja upp annan skyndihjálparhóp. Í Túni, sem er ungmennahúsið á Húsavík var settur upp hlutverkaleikurinn Á flóttu. Í gegnum það verkefni kynnast ungmennin hlutskiptum flóttamanna.

Áhersla á meira frumkvæði og samstarf

Áherslubreytingar hafa orðið hjá Ungmennahreyfingunni en nú einbeittir hún sér fyrst og fremst að innra starfi félagsins. „Á árinu 2005 höfum við unnið mikið að kynningu Ungmennahreyfingarinnar og höfum reynt að auka áhrif hennar innan Rauða kross Íslands. Við höfum lagt mikla áherslu á að skýra hvert sé verkefnið stjórnar URKÍ og hvað af starfinu eigi heima í deildum. Þetta starf tengist mjög náið

þeirri stefnu að auka samstarf milli allra ungmennadeilda í landinu. Lögð er áhersla á að deildir um allt land séu sjálfstæðar og hafi sjálfar frumkvæði að verkefnum. Þær geta hins vegar leitað aðstoðar og stuðnings annarra deilda og fengið aðstoð frá URKÍ ef þær telja þörf á því,“ segir Ingibjörg.

Öflug þátttaka í alþjóðasamstarfi

URKÍ hélt fund hér á Íslandi með ungmennahreyfingum landsfélaga í Eystrasalts- og Norðurlöndum í september árið 2005. Á þeim fundi var lögð áhersla á að landsfélögin sendi fulltrúa ungmennahreyfinga á aðalfund Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Þetta alþjóðastarf ungmennahreyfinga hefur borið umtalsverðan árangur og árið 2005 tóku 60 landsfélög með sér fulltrúa ungmennahreyfinga sinna á aðalfund. Árið áður áttu ungmenni þar aðeins 15 fulltrúa.

„Eitt af því mikilvægasta sem komið hefur út úr alþjóðasamstarfinu er aukinn stuðningur og samstarf á milli landanna. Ég held að þetta samstarf sé mjög mikilvægt og góður vettvangur fyrir nýjar hugmyndir. Nokkrar deildir eru til dæmis um þessar mundir að skoða sænskt verkefni til aðstoðar einmana ungmennum. Alþjóðlegt samstarf styrkir ungmennahreyfinguna gríðarlega mikið,“ segir Ingibjörg.



Ungmennahreyfingin 20 ára

Ungmennahreyfingin (URKÍ) hélt upp á 20 ára afmæli sitt á árinu. Á afmælisdaginn voru fulltrúar frá Ungmennahreyfingunni í Kringlunni með ýmsar uppákomur, þ.á.m. kynningu á starfinu. Um kvöldið var svo haldið afmælishóf þar sem sjálfboðaliðum sem nú eru starfandi og / eða hafa starfað með URKÍ í gegnum tíðina var boðið. Blaðið Plús C var gefið út á afmælisdaginn en þar var meðal annars fjallað um fjölbreytt verkefni fyrir ungt fólk í Rauða krossinum og starf sjálfboðaliða fyrr og nú. Um er að ræða síðustu útgáfu Plús C í þeirri mynd sem það hefur birst undanfarið á en blaðið er jafnframt kynningarbæklingur um Ungmennahreyfinguna.



20



Börn á flóttu í Kólumbíu.



Flóttafólk

Kona á flóttu í Kólumbíu.

Mynd: UNHCR/P. SMITH/10.2002

21

Leiðarvísir inn í samfélagið

Bjarni Jónsson er sjálfboðaliði Reykjavíkurdeildar Rauða krossins og hefur ásamt eigin konu sinni og dóttur veitt flóttakonu frá Kólumbíu aðstoð sína. Fjölskylda Bjarna er aðeins ein af mörgum stuðningsfjölskyldum sem aðstoða flóttamenn við að aðlagast íslensku samfélagi. Að auki starfa ungir sjálfboðaliðar deildarinnar með þeim börnum sem hafa komið til landsins og mynda nokkurs konar vinahópa í kringum þau.

Síðastliðið haust kom 31 flóttamaður til Íslands í boði íslenskra stjórnvalda. Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg og Flóttamannaráð Íslands (nú flóttamannanefnd) áttu náið samstarf um móttöku þeirra. Í þetta sinn var um að ræða sex konur og 18 börn frá Kólumbíu, sem og sjö manna fjölskyldu frá Kosovo. Fimm af konunum frá Kólumbíu eru einstæðar mæður og voru taldar í sérstakri hættu samkvæmt greiningu Flóttamannastofnununar Sameinuðu þjóðanna.

Öflug vinatengsl milli stuðningsaðila Rauða krossins og flóttafólks

„Aðalhlutverk okkar er að styðja og hjálpa einni af konunum úr hópnum. Við höfum reynt að sjá til þess að hún fái þá aðstoð sem hún þarf á að halda til að geta aðlagast nýju þjóðfélagi. Flest af því sem við höfum gert fyrir hana eru einföld atriði eins og fara með henni í búðir og sýna henni hvar verðið er best. Þetta snýst mest um að sinna grunnþörfum og þjónustu,“ segir Bjarni.

„Við erum ekki eina fjölskyldan sem aðstoðar flóttafólkið, því að það eru fjórar til fimm stuðningsfjölskyldur fyrir hverja flóttamannafjölskyldu,“ segir Bjarni. „Í kjölfarið hefur flóttafólkið myndað mjög öflug vinatengsl við fjölda stuðningsaðila. Það geta allir hringt í einhvern sem þeir þekkja og beðið um aðstoð eða upplýsingar. Það er fylgst með því að allt sé í lagi hjá þeim og oft fer fólkið með stuðningsaðilum sínum á kaffihúsi, heimsóknir eða gerir annað skemmtilegt. Það má segja að þetta starf með flóttafólkinu sé einskona leiðarvísir inn í samfélagið.“

Íslenskunám auðveldar flóttafólki aðlögun að samfélaginu

Allir flóttamennirnir hafa verið við íslenskunám í málaskólanum Mími og verða þar þangað til í lok maí. Lögð hefur verið áhersla á að fólkið nái góðum tókum á málinu áður en það fer út á vinnumarkaðinn, en sumt þeirra er þegar byrjað í hálfu starfi. Þegar íslenskunáminu lýkur í vor fara flóttamennirnir síðan út á vinnumarkaðinn. Reykjavíkurborg mun sjá um að útvega þeim vinnu við hæfi hvers og eins. Fólkið hefur lokið mismunandi menntastigum en að minnsta kosti tvær af kólumbísku konunum fara í framhaldsskólanám í haust.



Framtíð í nýju landi

Um 25 ungmenni af víetnömskum uppruna tóku þátt í samvinnuverkefninu *Framtíð í nýju landi* á árinu 2005. Rauði kross Íslands á samvinnu við Reykjavíkurborg og fleiri aðila um þetta verkefni en tilgangur þess er að hjálpa ungmennunum að fóta sig í íslensku samfélagi. Sjálfboðamiðstöð Reykjavíkurdeildar Rauða krossins hefur milligöngu um að útvega hverju ungmenni leiðbeinanda sem kallaður er mentor. Ungmennin sem eru á aldrinum 15–25 ára hitta leiðbeinanda sinn einu sinni í viku til að fræðast um íslenska menningu og siði. Leiðbeinendurnir kynna ungmennunum nýja möguleika til afþreyingar og hjálpa þeim til að verða virkari þátttakendur í samfélaginu. Með því er vonast til að þau geti notið til fulls þess sem íslenskt samfélag hefur að bjóða. Á árinu var lagt mikið upp úr því að byggja upp tengsl við ungmennin og öðlast traust þeirra meðal annars í þeim tilgangi að þau horfi bjartari augum á það að ganga menntaveginum. Félagsleg einangrun víetnamskra ungmenna og brottfall þeirra úr skóla hefur stundum komið í veg fyrir að ungmennin setji sér metnaðarfull markmið og vinni að þeim. Mörg þeirra sem taka þátt hafa þó haldið áfram námi og reynst mjög góðir námsmenn. Stefnt er að því að *Framtíð í nýju landi* nái til fleiri hópa innflytjenda á næstu árum.



Ársskýrslan á Netinu

Tilgangurinn með útgáfu þessarar ársskýrslu er að gefa innsýn í starf Rauða kross Íslands á árinu 2005. Ekki er reynt að tiltaka alla þætti þess víðfeðma mannúðarstarfs sem fer fram í nafni félagsins á alþjóða-vettvangi, í almennu innanlandsstarfi, á svæðisvísu eða í deildum félagsins sem eru 51 um allt land. Á vef félagsins, www.redcross.is/2005 eru hins vegar mun ítarlegri upplýsingar um verkefni félagsins innanlands og utan.



Okkur er mikið metnaðarmál að Rauði kross Íslands sé opið félag og aðgengilegt. Ef þú, lesandi góður, vilt ganga til liðs við Rauða krossinn þá er auðveldast að byrja á Netinu. Þar eru birtar fréttir úr starfinu, upplýsingar um öll starfssvið félagsins og þar er hægt að skrá sig sem féлага, styrktarmann og sjálfbóðaliða.

Fylgstu með starfi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans á www.icrc.org og www.ifrc.org.

Rauði kross Íslands er sjálfbóðahreyfing 19.000 félagsmanna og um 1.300 virkra sjálfbóðaliða sem starfa í 51 deild um allt land. Sjálfbóðaliðar og starfsmenn aðstoða flóttamenn, kenna skyndihjálp, hjálpa einstaklingum í þrengingum, safna fötum til neyðarhjálp, starfa með börnum og ungmennum, gegna lykilhlutverki í neyðarvörnum og inna af hendi óteljandi önnur störf til þess að létta og koma í veg fyrir þjáningar. Alþjóðlegt hjálparstarf Rauða kross Íslands nær á hverju ári til þúsunda fórnarlamba hamfara, ófriðar og örbirgðar um allan heim.



Mynd: Morgunblaðið/Ásís

Elmar Örn Gunnarsson og Björn Andri Bergsson héldu tombólu og söfnuðu 2.314 kr. til styrktar Rauða krossi Íslands.



Mynd: Morgunblaðið/RAX

Hugsjónastarfi æsku

Dagbjört Andrésdóttir og Hulda Margrét söfnuðu 3.500 kr. sem þær afhentu Rauða krossi Íslands til styrktar bágstöddum börnum

Tombólukrakkar styðja við börn í Sri Lanka

Tombólubörn Rauða krossins leggja sitt af mörkum við hjálparstarf með því að halda tombólur en alls söfnuðu börnin 510.000 krónum á árinu 2005.

Féð verður notað til að aðstoða börn á Sri Lanka og í Indónesíu sem eiga um sárt að binda í kjölfar flóðbylgjunnar sem varð í Asíu um áramótin 2004/2005. Sautján sendifulltrúar Rauða krossins voru í Asíu árið 2005 og þar á meðal Kolbrún Þórðardóttir sem hefur meðal annars umsjón með sálfélagsglegri þjónustu á Sri Lanka.

„Mörg börn misstu heimili sín og foreldra og hafa þau þurft aðstoð við að komast yfir áfallið sem þau urðu fyrir í þessum hræðilegu hamförum,“ segir Kolbrún. „Viða hafa börn þurft að stunda skólastarf í tjöldum þar sem margar skólabyggingar eyðilögðust og skólabækur og húsgögn skuluðust burt með flóðbylgjunni. Uppbygging mun taka langan tíma og á féð frá tombólubörnum á Íslandi eftir að koma sér vel,“ segir Kolbrún.

Rauði krossinn leggur metnað sinn í að útskýra fyrir börnunum hvernig tombólutekjnum er varið og sendi þeim í því skyni bréf og viðurkenningarskjal fyrir framlagið. Jafnframt bauð Laugarásbíó tombólubörnunum á höfuðborgarsvæðinu í bíó eins og síðastliðin ár.



Mynd: Morgunblaðið/Kristinn

Agnes Ýr Rósmundsdóttir og Marinella R. Sigurðardóttir héldu tombólu til styrktar Rauða krossi Íslands og söfnuðu 2.686 kr.



Mynd: Morgunblaðið/Þorkell

Kristín Erla og Gabriella héldu tombólu og söfnuðu 1.500 kr. til styrktar Rauða krossi Íslands.



Mynd: Morgunblaðið/RAX

Jónatan og Svavar söfnuðu 7.002 kr. til styrktar Rauða krossi Íslands.



Mynd: Ingibjörg Eignersdóttir

Margrét, Helga, Halldóra, Guðný og Ingibjörg úr 7. bekk Álftamýrarskóla skipulögðu strandpartí og buðu 7. bekkingum að taka þátt. Seldur var inngangseyrir á 50 kr. og sælgæti og gos sem þær fengu gefiins. Ágóðann 9.052 kr. færðu þær Rauða krossinum.



Mynd: Morgunblaðið/Sleipri Hallgrímsson

Þessar frænkur héldu sérstæða tombólu; stofnuðu verslun í páskaboði fjölskyldunnar á Akureyri og söfnuðu 1.195 krónum sem þær gáfu Rauða krossinum. Frænkurnar heita Aníta Hrund Hjaltadóttir, sem er til vinstri og Pálína Höskuldsdóttir.

23

